

91. Fundur bæjarráðs Blönduóssbæjar föstudaginn 9. apríl 2010, kl. 16:15.

Formaður bæjarráðs, Kári Kárason setti fundinn. Arnar Þór Sævarsson, bæjarstjóri ritaði fundargerð. Mæting skv. undirskriftum.

Dagskrá:

1. Fundargerðir:
 - a) Stjórnar SSNV frá 9. mars 2010
 - b) Stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga frá 26. mars 2010
 - c) Stjórnar Hafnasambands Íslands frá 12. mars 2010
 2. Erindi frá SSNV dags. 15. mars 2010
 3. Erindi frá Norðurá Bs. dags. 6. apríl 2010
 4. Bréf frá Félagi íslenskra atvinnuflugmanna frá 25. mars 2010
 5. Fjargæslukerfi fyrir vatns- og fráveitu Blönduósbæjar
 6. Erindi frá Aflinu dags. 19. mars 2010
 7. Aðalfundur Veiðifélags Blöndu og Svartár
 8. Önnur mál
-

Afgreiðslur:

1. Fundargerðir:
 - a) Stjórnar SSNV frá 9. mars 2010
Lögð fram til kynningar
 - b) Stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga frá 26. mars 2010
Lögð fram til kynningar
 - c) Stjórnar Hafnasambands Íslands frá 12. mars 2010
Lögð fram til kynningar
2. Erindi frá SSNV dags. 15. mars 2010
Myndun þjónustusvæðis á Norðurlandi vestra vegna yfirfærslu á málefnum fatlaðra frá ríki til sveitarfélaga þann 1. janúar 2011.

Bæjarráð Blönduósbæjar staðfestir þátttöku sveitarfélagsins í myndun þjónustusvæðis um málefni fatlaðra á Norðurlandi vestra, sem helgast af sveitarfélagamörkum Bæjarhrepps, Húnaþings vestra, Húnavatnshrepps, Blönduósbæjar, Skagabyggðar, svf Skagastrandar, svf Skagafjarðar, Akrahrepps og Fjallabyggðar.
3. Erindi frá Norðurá Bs. dags. 6. apríl 2010
Fyrir liggur framkvæmda- og kostnaðaráætlun vegna byggingar fyrirhugaðs urðunarstaðar að Sölvabakka. Verkefnið er nú að komast á framkvæmdastig og hefur verið leitað til Lánasjóðs sveitarfélaga um fjármögnun á framkvæmdinni. Stjórn Norðurár bs. óskar eftir að Blönduósbær veiti ábyrgð og taki ábyrgðarveitinguna formlega fyrir á fundi.

Bæjarráð samþykkir fyrir sitt leyti eftirfarandi bókun sem lögð verður fram til fullnaðar afgreiðslu á næsta bæjarstjórnarfundum.

“Bæjarstjórn Blönduóssbæjar samþykkir hér með að veita veð í tekjum sveitarfélagsins vegna lántöku Norðurár bs. hjá Lánasjóði sveitarfélaga að fjárhæð 380.000.000 kr. til 14 ára með föstum 5,03% vöxtum. Er veðsetning þessi veitt sbr. heimild í 3. mgr. 73. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998. Lán Norðurár bs. er tekið til gerðar urðunarstaðar að Sölvabakka sem fellur undir lánshæf verkefni sbr. 3. gr. laga um stofnun opinbers hlutafélags um Lánasjóð sveitarfélaga nr. 150/2006. Jafnframt er Arnari Þór Sævarssyni, kt. 161171-4339 veitt fullt og ótakmarkað umboð til þess að samþykkja f.h. Blönduósbæjar veitingu ofangreindrar veðtryggingar og til þess að móttaka, undirrita og gefa út, og afhenda hvers kyns skjöl, fyrirmæli og tilkynningar, sem tengjast veitingu tryggingar þessarar.”

4. Bréf frá Félagi íslenskra atvinnuflugmanna frá 25. mars 2010

FÍA hvetur sveitarfélög að vinna að því að núverandi staðsetning Reykjavíkurflugvallar verði til frambúðar í Vatnsmýrinni. Jafnframt eru samgönguyfirvöld hvött til þess að hefja nú þegar byggingu nýrrar samgöngumiðstöðvar í Vatnsmýrinni til að bæta aðbúnað við farþega svo íbúar landsins megi búa við sem bestar flugsamgöngur til og frá höfuðborginni.

Lagt fram til kynningar.

5. Fjargæslukerfi fyrir vatns-og fráveitu Blönduósbæjar

Bæjarstjóri kynnir og fer yfir tilboð í fjargæslukerfi fyrir vatns-og fráveitu Blönduósbæjar sem Tæknideild Blönduósbæjar hefur fengið frá Verkfræðistofunni Raftákni.

Bæjarráð óskar eftir nánari kostnaðargreiningu frá tæknideild.

6. Erindi frá Aflinu dags. 19. mars 2010

Beiðni um fjárstuðning.

Bæjarráð samþykkir kr. 50.000 styrk.

7. Aðalfundur Veiðifélags Blöndu og Svartár

Lagður fram ársreikningur Veiðifélags Blöndu og Svartár.

Lagt fram til kynningar.

8. Önnur mál

Fundargerð upplesin og samþykkt.

Fundi slitið 18:00

Arnar Þór Sævarsson (sign.)

Kári Kárason (sign.)

Valdimar Guðmannsson (sign.)

Jón Aðalsteinn Sæbjörnsson (sign.)